



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 18. febrúar 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (öryggisráðstafanir o.fl.), 420. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 28. janúar sl. þar sem óskað er álitis Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (öryggisráðstafanir o.fl.), 420. mál, á 141. lögjafarþingi.

Frumvarpið er samið af refsiréttarnefnd að tilhlutan dómsmálaráðherra (nú innanríkisráðherra) og á sér aðdraganda allt aftur til ársins 2005 er refsiréttarnefnd var falið að endurskoða VII. kafla almennra hegningarlaga um öryggisráðstafanir.

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að ákvæði almennra hegningarlaga, í 62. – 67. gr. þeirra, um öryggisráðstafanir hafi staðið að mestu efnislega óbreytt frá gildistöku laganna, eða í rúmlega 70 ár. Endurskoðun sé því tímabær, einkum með tilliti til ríkjandi sjónarmiða um mannréttindavernd ósakhæfra manna.

Landspítalinn, Geðlæknafélag Íslands, prófessorinn í geðlæknisfræðum og yfirlæknir réttar- og öryggisdeildar Landspítalans hafa sent Alþingi umsagnir um þetta lagafrumvarp. Af þeim umsögnum er ljóst að mikið virðist vanta upp á að nægilega vel hafi tekist til við undirbúning og samningu þessa lagafrumvarps. Þannig virðist sem meginmarkmið þeirra um bættu mannréttindavernd ósakhæfra manna hafi ekki tekist sem skildi. Auk þess gerir frumvarpið ekki nauðsynlegan greinarmun á almennri geðdeild annars vegar og réttargeðdeild hins vegar. Fyrirmynda er leitað til nágrannalanda án þess að gætt sé að mikilvægum mun á fyrirkomulagi á þessu sviði í löndunum. Allir þessir aðilar tilgreina fjölmörg atriði sem betur þurfi að fara við endurskoðun ákvæða almennra hegningarlaga um öryggisráðstafanir og leggja áherslu á að endurskoðunin beri þess skýr merki að geðlæknar og aðrir sérfróðir á þessu sviði hafa lítt ef nokkuð verið hafðir með í ráðum við endurskoðunina. Virðist jafnvel sem ákvæði frumvarpsins brjóti í bága við svokallaða Hawaii yfirlýsingu Alþjóðasamtaka geðlækna, sem muni gera geðlæknum ókleift að vinna samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, verði þau að lögum.

LÍ tekur undir umsagnir framangreindra aðila og þær ábendingar sem þeir hafa komið á framfæri við allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis vegna frumvarpsins.

Ef eftir því verður óskað eru fulltrúar LÍ tilbúnir til að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til að ræða frekar efni þessa lagafrumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.